

Stuðlabandið semur Þjóðhátíðarlagið 2025



Sunnlenska hljómsveitin Stuðlabandið eru höfundar og flytjendur Þjóðhátíðarlagsins í ár. Þetta var tilkynnt í útvarpsþættinum Brennsan á FM957 sl. föstudag. Mikil spenna ríkir alltaf fyrir því hver fær heiðurinn að semja lagið en hátíðin er stærsta og vinsælasta útihátíð landsins.

Hljómsveitin hefur verið að gera það gott á undanförunum árum og hefur mikla reynslu af því að spila á útihátíðum. Meðlimir hljómsveitarinnar eru Magnús Kjartan Eyjólfsson, Marínó Geir Lilliendahl, Baldur Kristjánsson, Bjarni Rúnarsson, Fannar Freyr Magnússon, Sigþór Árnason og Stefán Ármann Þórðarson.

Sömdu 15 lög

Magnús Kjartan söngvari Stuðlabandsins segir í samtali við Dagskrána að það hafi ekki tekið langan tíma að sannfæra þá um að semja Þjóðhátíðarlagið í ár. „Þjóðhátíðarnefndin hafði samband við okkur í

haust og sögðu að það væri kominn tími á að við fengjum að spreyta okkur á þessu. Við höfum spilað á Þjóðhátíð síðan 2016 í öll þau skipti sem hún hefur verið haldin.“

Bandið samdi samtals 15 hugmyndir að lögum og valdi svo eitt aðallag sem þeim fannst henta best. „Það er aldrei að vita nema það komi út Þjóðhátíðarplata í staðinn fyrir Þjóðhátíðarlag, það hefur aldrei verið gert áður. Við eigum allavega nóg af lögum,“ segir Magnús Kjartan.

Hafa bullandi trú á laginu

Magnús segir lagið vera gott og vandað popplag. „Við höfum alveg bullandi trú á þessu og hlökkum til að leyfa fólki að heyra.“

Lagið kemur út 15. maí og vill Magnús ekki gefa það nákvæmlega upp um hvað það fjallar en það tengist að sjálf-sögðu Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

EHI

Geðbrigði sagraði Músíktílaunir 2025

Músíktílaunir fóru fram í Hörpu 6. apríl sl. Hljómsveitin Geðbrigði, sem er meðal annars frá Suðurlandi, bar sigur úr býtum.

Geðbrigði er drunga-þunga-pönk-rokk hljómsveit. Meðlimir hennar eru Þórhildur Helga Pálsdóttir söngkona, Ásthildur Emma Ingileifardóttir bassaleikari, Agnes Ósk Ægisdóttir gítarleikari og Hraun Sigurgeirs trommuleikari.

Sópuðu til sín verðlaunum

Hljómsveitin sagraði ekki bara keppnina heldur fékk hún tvenn

önnur verðlaun. Þórhildur Helga var valin söngvari Músíktílauna ásamt því að hljómsveitin fékk verðlaun fyrir bestu textagerð á íslensku. Einnig voru verðlaun veitt fyrir hljóðfæraleik, rafheila og höfundaverðlaun.

Best af 42 atriðum

42 tónlistaratriði tóku þátt í Músíktílaunum í ár. Er sigurinn því mikið afrek. Mikil fjölbreytni var í stefnum og stílum atriðanna og var aðsókn á bæði undan- og úrslitakvöld mjög góð.

Tíu atriði af 42 voru valin til þátttöku á úrslitakvöldinu og var

niðurstaða dómnefndar og símakosningar tilkynnt þar.

Glæsileg verðlaun

Glæsileg verðlaun voru veitt á hátíðinni. Má þar nefna hljóðverstíma, spilamennsku á tónlistarhátíðum, flug með Icelandair og úttektir í hljóðfæra-verslanir svo dæmi séu nefnd. Öllum keppendum sem komust í úrslit var boðið í Hitakassann; námskeið haldið af Hinu húsinu, Tónlistarmiðstöð og Tónlistarborginni Reykjavík sem undirbýr ungt fólk fyrir feril í tónlist.



Fáðu fagmann í verkið



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)

Ú T B O Ð

Lax- og silungsveiði í Sandá í Þjórsárdal

Veiðifélag Hvammsár og Sandár í Þjórsárdal óskar hér með eftir tilboði í lax- og silungsveiði í Sandá í Þjórsárdal fyrir árin 2025 til 2029, að öllum árum meðtöldum, samkvæmt útboðsskilmálum og fyrirbyggjandi upplýsingum.

Útboðsgögn og frekari upplýsingar eru hjá umsjónarmanni útboðsins Trausta Jóhannssyni sandaveidifelag@gmail.com.

Frestur til að skila tilboði rennur út 30. apríl 2025 kl. 16:00.

Veiðifélagið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

Veiðifélag Hvammsár og Sandár



10.-13. APRÍL

ECCO DAGAR

20% AFSLÁTTUR

		
Biom 2.2 Infant 9.596 kr. / 11.995 kr.	Multi-Vent 22.396 kr. / 27.995 kr.	Byway 14.396 kr. / 17.995 kr.
		
Biom 2.2 9.596 kr. / 11.995 kr.	Offroad Roam 11.996 kr. / 14.995 kr.	Melbourne 14.396 kr. / 17.995 kr.

Sérfræðingur frá ECCO verður á staðnum á föstudeginum

Sportbær
SKOBUÐ SELFÖSS

Kjörís gefur út ís í samstarfi við IceGuys

Kjörís hefur gefið út nýja íslínu í samstarfi við vinsælu strákahljómsveitina IceGuys. Þeir gáfu nýlega út lagið *Stígðu inn* þar sem textinn býður hlustendum inn í nýjan heim – ísheiminn. Nú er það orðinn veruleiki. Búið er að gefa út tvenns konar tegundir af ís, annars vegar IceGuys ísinn og hins vegar IceGuys flaugar.

„Það er búið að leggja rosa-lega mikið í vörupróunina. Þetta er sennilega með bestu vörum sem við höfum gefið út,“ segir Elías Þór Þorvarðarson, markaðsstjóri Kjörís.

Í frostpinnanum heitir bragðið Blue Ice. „Það er ekki gefið nákvæmlega upp hvað Blue Ice stendur fyrir en þetta er mjög fersk, þínu súr upplifun sem spilar ofboðslega vel með bláa súkkulaðinu sem er utan um,“ segir Elías.

„Svo er íspinninn. Þar erum við í grunninn að læra á því sem hefur slegið í gegn. Við erum að nota karamellu í miðjuna sem fyllingu og ísinn er vanilluís með hvítsúkkulaði. Hann er svo hjúpaður með bláa súkkulaðinu. Bláa súkkulaðið er þeirra ein-kennisútlit.“

Aðspurður að því hvernig samstarfið kom til segir Elías Kjörís og IceGuys hafa talað saman um hvort það væri ekki



upplagt að IceGuys, sem standi nánast fyrir ís, færu í samstarf með Kjörís með svipuðum hætti og Sunneva Einarsdóttir og Birta Líf Ólafsdóttir gerðu með Bestís.

IceGuys voru með sterkar skoðanir á því hvernig ísinn ætti að vera. „Þetta voru margir fundir með þeim. Þeir voru bæði í smakki hér í Kjörís og heima hjá mér í Reykjavík. Það voru mikil fundarhöld í kringum þetta. Þeir standa fyrir þessu og voru mjög skýrir með hvað þeir vildu og allir komu með eitthvað innlegg,“ tekur Elías fram.

„Við vorum til að byrja með að hugsa bara um einn ís en svo kom það strax í ljós að við gæt-

um ekki verið bara með einn. Það þarf að vera frostpinni, það þarf að vera íspinni og svo þurfum við að koma með einhverja dollu,“ segir Elías.

Dollan kemur í verslanir eftir u.þ.b. þrjár vikur. „Núna erum við að leggja áherslu á pinnana og að koma þeim í allar búðir. Þegar við erum búin að því förum við í IceGuys dolluna,“ segir Elías. Dolluísinn er sami grunnur og pinnarnir og byggist á hvítsúkkulaði. Svo er bætt við svörtum kexkökum og blárrí súkkulaðihellu ofan á.

Að lokum segir Elías meira vera í vandum í samstarfi Kjörís og IceGuys sem greint verður frá á næstu vikum. *EHJ*



Arna Ír ráðin í stöðu verkefnastjóra farsældarráðs SASS

Arna Ír Gunnarsdóttir hefur verið ráðin til starfa sem verkefnastjóri farsældarráðs hjá SASS. Um nýja stöðu er að ræða innan samtakanna til tveggja ára.

Arna hefur yfirgripsmikla reynslu á sviði velferðarmála og félagsþjónustu. Hún hefur starfað sem sérhæfður ráðgjafi í málaflokki fatlaðs fólks og unnið að stefnumótun, þjónustuþróun og ráðgjöf fyrir sveitarfélög og stofnanir. Hún er með bakgrunn í félagsráðgjöf og stjórnsýslu, hefur góða þekkingu á farsæld og langa reynslu af samvinnu við opinbera aðila og notendur þjónustu.





NÆSTU
ÚTGÁFUR

Miðvikudagur
16. apríl

Auglýsingaskil
fyrir hádegi 14. apríl

Föstudagur
25. apríl

Auglýsingaskil
fyrir hádegi 22. apríl

Miðvikudagur
30. apríl

Auglýsingaskil
fyrir hádegi 28. apríl



Silja Runólfssdóttir
hefur tekið til starfa
undir Domus Mentis

Geðheilsustöð (dmg.is) á Selfossi. Hún hefur
aðsetur í Fjölheimum, Tryggvagötu 13, þrjá daga
í viku, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag.

Silja tekur þar á móti ungmennum og fullorðnum
sem og íþróttafólki í sálfræðimeðferð og veitir
meðferð við kvíða, streitu, þunglyndi,
lágu sjálfsmati og áfallastreituröskun
meðal annars.

Bókanir fara fram í gegnum
Domus Mentis, sími 581 1009
eða tölvupósti dmg@dmg.is.



STARFSKRAFTUR
ÓSKAST

Kuldaboli leitar eftir öflugum starfskrafti á gáma-
svæði félagsins í Þorlákshöfn. Helstu verkefni snúa
að skráningu og utanumhaldi um gáma sem koma
inn og út af svæði, hliðvarsla og önnur tilfallandi
verkefni.

Leitað er að samviskusömum og drífandi einstak-
lingi sem hefur metnað fyrir að ná árangri í starfi og
vinna með hópi öflugs samstarfsfólks. Viðkomandi
þarf að búa bæði yfir þeim aga og frumkvæði sem
þarf til að geta unnið hvort sem er sjálfstætt eða í
teymi með öðrum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ýmsar skráningar
- Hliðvarsla
- Utanumhald um frystigáma á svæðinu
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Almenn tölvukunnátta
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Samviskusemi og þjónustulund
- Stundvísi
- Hrein sakaskrá

Umsókn ásamt ferlilskrá sendist á
kuldaboli@kuldaboli.is fyrir 27. apríl.



ÖLFUS

Auglýsing um skipulag

Eftirtalдар skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar
eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta
gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna þar.

Auðsholt - Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir jörðina Auðsholt. Með deiliskipulaginu er stofnuð 10 ha lóð
um nýtt lögbýli fyrir eiganda jarðarinnar.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 27. mars 2025.

Hellisheiðarvirkjun - Ný lóð í nýsköpunarkjarna - 22. Deiliskipulagsbreyting

Lögð er fram breyting á skipulagi Hellisheiðarvirkjunar sem felur í sér að nýrri 1,15 ha. lóð er
bætt við innan nýsköpunarkjarna.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 27. mars 2025.

Bolaölduvirkjun - Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Lögð er fram skipulagslýsing fyrir virkjun við Fjallið eina sem hefur fengið vinnuheimild Bolaöldu-
virkjun. Fyrstu rannsóknir benda til þess að þarna sé að finna nægjanlegan jarðhita. Stefnt er
að virkjun með framleiðslugetu allt að 100 MW af rafmagni og 200 MW af varma. Virkjuninni er
ætlað að sjá iðnaðarsvæðum við Þorlákshöfn fyrir rafmagni.

Skipulagslýsing var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 27. mars 2025.

Nýtingarhlutfall iðnaðar og athafnalóða - Breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram breyting á aðalskipulagi Ölfuss er varðar skilmála um hámarks nýtingarhlutfall.
Með breytingunni er gert ráð fyrir að almennt nýtingarhlutfall lóða sé á bilinu 0,5-0,8 en að
heimilt sé að víkja frá því í deiliskipulagi ef viðeigandi forsendur eru fyrir hendi. Sveitarfélagið
vill að tekið sé tillit til aðstæðna á hverjum stað fyrir sig og að uppbygging afmarkist af umfangi
og eðli framkvæmda/starfsemi hverju sinni.

Tillagan var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 28. nóvember 2024 og samþykkt til auglýsingar
af Skipulagsstofnun þann 13. desember 2024.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með
22. maí 2025. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í
leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn

Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti
sem breyting verður á málinu.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrif-
stofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið

Hvað er menntun?

Í liðinni viku tók ég sæti á Alþingi sem varaþingmaður Viðreisnar í Suðurlandshöfðum. Einstaklega lærdómsrík vika í mjög skemmtilegu og líflegu starfsumhverfi. Ég fékk tækifæri til að láta til mín taka í umræðunni og ræddi meðal annars um menntamál.

Menntun er ein af grunnstöðum samfélagsins. Menntakerfið hefur bein áhrif á framtíð barnanna okkar - og samfélagsins alls. En hvað er menntun? Snýst hún aðeins um að afla sér þekkingar eða snýst hún einnig um færni? Viljum við að menntunin auki hæfni í utanbókarlærdómi eða viljum við að menntunin felist einnig í því að börnin okkar tileinki sér gagnrýna hugsun, samkennd og getu til að leysa vandamál? Þekking er nauðsynleg, en ég tel að færni til að nýta hana í raunverulegum aðstæðum sé lykillinn að árangri og velsæld.

Okkur er tíðrætt um PISA og umræðan í samfélaginu er á þá leið að skólakerfið hafi brugðist. Það þurfi að bregðast við með aðgerðum, ekki seinna

en strax. Ég er því sammála, en með hvernig aðgerðum? Kennarastéttin hefur svo sannarlega sinnt sínu. En sífjölbreyttari og stærri nemendahópar í krefjandi aðstæðum og skortur á fjármagni gerir kennurum oft erfitt fyrir. Þetta þekkjum við sem höfum haft kennslu að aðalstarfi.

Kröfur samfélagsins á skólakerfið eru þær að það eigi ekki einungis að sinna menntun, heldur einnig hinum ýmsu uppeldislegu atriðum, sem áður voru að mestu í verkahring heimilanna. Sívaxandi kröfur í fjölbreyttu og hröðu samfélagi gera það að verkum að minni tími kennara fer í að sinna fjölbreyttu námi og starfi hvers nemenda.

Hin mörgu - og sum hver óljösu - hæfniviðmið sem eru í núgildandi námskrá hafa tekið of mikla orku frá kennurum. Þau eru, þrátt fyrir megininntak námskrárinnar, svo stýrandi að kennarar upplifa pressu um yfirferð; að klára öll dæmin í stærðfræðibókinni í stað þess að veita nemendum frelsi til að

Sandra Sigurðardóttir

Varaþingmaður Viðreisnar í Suðurlandshöfðum.



uppötta, spyrja og ígrunda. Menntun snýst ekki bara um að klára ákveðinn fjölda verkefna, hún snýst um að skapa forvitna einstaklinga sem hafa trú á eigin getu og vilja til að leggja sitt af mörkum.

Við erum ekki að verða ein-sleitari sem þjóð. Þvert á móti býr hér fólk af ólíkum uppruna, með ólíkar skoðanir og viðhorf. Menntun í hnattvæddum heimi snýst um að hlusta, setja sig í spor annarra og skilja ólíka menningarheima.

Tökum höndum saman og byggjum upp menntakerfi sem þjónar öllum, óháð hæfileikum, uppruna eða áhugasviði. Þannig byggjum við sterkara samfélag.



Sunnlenski matgæðingurinn



Pylsupítsa

Jóhann Valdimarsson er matgæðingur vikunar.

Ég vil byrja á að þakka Þóru mágkonu minni fyrir áskorunina. Ekki átta ég mig samt á því á hvaða vegferð hún er að skora á mig, þar sem ég kann um það bil fjórar uppskriftir. Sjálfsagt vakir fyrir henni að koma höndum yfir háleynilegar uppskriftir eins og Jóabrauðið en þá ósk hennar mun ég ekki uppfylla í þetta skiptið. Þess í stað mun ég deila uppskrift að fjölskylduuppskriftinni að pylsupítsu sem er uppskrift sem móðir mín gaf börnum sínum með móðurmjólkinni. Ég held að á ekkert systkina minna sé hallað þegar því er haldið fram að ég sé sá þeirra sem hefur nýtt uppskriftina oftast.

Ég byrja á að telja upp innihaldsefnin og tek þau frekar til umfjöllunar í verklýsingu en magnið miðast við eina pítsu á heilli bókunarplötu.

*Hveiti, Kornax rautt, 8-10 dl.
Þurrger einn poki eða rúmlega 10 grömm
Olíufuolla Euroshopper
u.þ.b. 2 matskeiðar
Volgt vatn eftir þörfum
Tómatsósa Felix
Prima Pizzukrydd
McCormick Garlic powder
SS pylsur 3, 5-4 stk.
Íslenskur brauðostur*

Fyrsta skrefið er að blanda saman hveiti og geri saman í plastskál. Skutlið svo olíunni yfir þá blöndu ásamt vatninu. Ég byrja oft með deigið frekar blautt og bæti hveiti í þangað til að hægt er að hnoða deigið. Margir nota salt og sykur í pítsubotna en ég lít á það sem leikþátt sem skilar litlu öðru en soun á hráefnum.

Þegar deigið hefur svo hefast í ca. klukkustund er það flatt út á bókunarplötu og tómatsósunni svo smurt yfir botninn með skeið. Það er



mikilvægt að vera ekki að fíkta í uppskriftinni með því að nota pítsusósu, þetta þarf að vera „hreint“ tómatsósa til að rétt niðurstaða náist.

Að þessu loknu er kryddinu dreift yfir sósuna. Áður fyrr notaði ég Italian seasoning frá McCormick í stað pizzakryddsins en það hefur því miður ekki fengist um nokkurt árabil. Þessu næst er þunnt niðursneiddum pylsum dreift jafnt yfir sósuna.

Síðasta skrefið áður en pítsan er bökud er svo að dreifa brauðostinum yfir en hann rífið þið niður á rifjarni sem er til á flestum heimilum. Það sama gildir um ostinn og sósuna en það er alveg bannað að stytta sér leið með því að kaupa niður rifinn pítsaost, slíkar tilraunir munu aldrei skila góðri niðurstöðu. Rétt er að benda á að það má nýta neðsta part brauðostsins sem ekki nýttist í sneiðar en honum er hægt safna í frysti og gera pítsu þegar nægjanlegt ostmagn er til í frystinum.

Lokaskrefið er svo að baka pítsuna í 200°C heitum ofni á blæstri þar til osturinn er farinn að brúnast. Gætið þess að leyfa pítsunni að kólna aðeins áður en hennar er neytt. Undirritaður hefur alltof oft brotið þá reglu með þeim afleiðingum að sósan brennir á manni góminn sem stórskemmir annars ánægjulega matarupplifun.

Mig langar að skora á tiskukónginn og matgæðinginn Sævar Örn Gíslason en ég þekki fáa sem eru eins duglegir að elda heima og efast ekki um að hann lumar á mörgum gourmet uppskriftum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Blikkandi viðvörunarljós

Ingveldur Anna Sigurðardóttir,

íbúi við Steinafjall á bænum Varmahlíð undir Eyjafjöllum og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandshöfðum.



Með stuttu millibili hafa Morðið nokkur alvarleg bílslys hér á landi með þeim afleiðingum að nokkrir hafa látist. Lítið barn, maður á besta aldri og kona sem var á ferð um landið. Vegir um allt land eru að molna í sundur og víða er vörnum við vegi ábótavant.

Slys sem koma mátti í veg fyrir
Í lok mars lést einstaklingur vegna grjóthruns úr Steinafjalli, hruns sem auðveldlega hefði verið hægt að verjast. Það er enda engin nýlunda að stórt grjót falli úr fjallinu og niður á veginn. Grjót sem venjulega er fjarlægð eins fljótt og hægt er

af bændum í kring eða eftir atvikum Vegagerðinni.

Málið stendur mér nærri en fyrir nokkrum árum klessti mamma mín á grjót sem fallið hafði úr fjallinu. Billinn eyðilagðist en mamma var heppin, hún komst frá þessu ósködduð. Staðreyndin er sú að hægt er að koma í veg fyrir að slys af þessu tagi eigi sér stað.

Varnir við veginn strax
Viða um land er að finna varnir við vegi sem liggja við skriður, svo sem við Hvalnesskriður. Brýnt er að settar verði upp varnir sem gripi grjótið áður en það lendir á veginum eða bílum sem keyra fram hjá fjallinu. Um þessa leið aka mörg þúsund manns á degi hverjum, fólk sem sækir vinnu til Hvolsvallar eða Víkur, skutlar börnum í leikskóla og skólabílur sem fara þarna nokkrar ferðir á dag. Hvers vegna er ekki búið að koma upp vörnum?

Hvers virði er líf okkar?
Vegirnir hringinn í kringum

landið eru að þolmörkum komnir. Vegurinn um Holtsnúp er bæði mjór og liggur í dæld svo skyggnið er ekki alltaf frábært. Fyrir nokkrum árum var tekið til þess bragðs að lækka hámarkshraði á veginum. Eftir að mamma klessti á grjótið voru sett upp blikkljós sem fengu að standa í um það bil mánuð. Slíkt hið sama hefur verið gert núna, í kjölfar banaslyss. Þar að auki vaktaði Vegagerðin svæðið eftir slysið fram að kvöldmat og hefur ekki sést síðan.

Ég spyr, hvers virði er líf okkar íbúa á svæðinu? Er virðið mælt í blikkandi keilum eða raunverulegum vörnum við veginn? Er það mælt í fjölda grjóthnullunga sem falla á veginn og fólk keyrir á? Varnir við veginn eiga ekki að fara í nefnd eða mat – heldur beint í framkvæmd, þetta gengur ekki lengur. Það má öllum vera orðið ljóst.

Vegagerðin verður að svara fyrir aðgerðarleysi sitt og bregðast almennilega við. Blikkandi viðvörunarljós eru ekki nægjanleg.

Gáta vikunnar

Frekar aumur frændi er, fullur hann af skyri var, margur eftir barsmið ber, bóndi var á matinn spar.

Svar við gátu í blaði 2796: **SELUR**
2. (S)etur
3. Syndaselur

Visnagátur-höf: Páll Jónasson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheidar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Prentgripur 1041 0898



prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun

Halldóra nýr verkefnastjóri íslensku og inngildingar

Halldóra Kristín Pétursdóttir hefur tekið til starfa sem verkefnastjóri íslensku og inngildingar hjá Mýrdalshreppi. Alls sóttu átta manns um starfið. Greint er frá þessu á heimasíðu Mýrdalshrepps.

Halldóra Kristín hefur lagt stund á nám í félagsráðgjöf og þjóðfræði við HÍ auk þess að taka áfanga í guðfræði. Hún starfaði í yfir 20 ár við rekstur verslunar / heildverslunar og sá þá m.a. um starfsmannamál og auglýsinga- og kynningarmál. Hún hefur verið virkur þátttakandi í starfsemi Rauða krossins (RKÍ) allt frá árinu 2004 og hefur starfað þar sem sjálfbóðaliði og launþegi. Meðal þeirra verkefna sem hún hefur sinnt hjá RKÍ eru ungmenntastarf RKÍ, svörun í Hjálparsímann 1717, undirbúningur móttöku flóttamanna auk þess sem hún hefur komið að skyndi-



F.v. Tomasz Chocholowicz formaður ráðsins, Delfin Bagsic Dimailig, Halldóra Kristín Pétursdóttir nýr verkefnastjóri íslensku og inngildingar, Kristína Hajniková, Hilary Jane Tricker, Deirdre Ana Stack Marques, Lara Ólafsson og Einar Freyr Elinarson sveitarstjóri.

hjálparnámskeiðum RKÍ á landsvísi. Þá hefur Halldóra annast þjálfun sjálfbóðaliða RKÍ, setið í stjórn Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeildar í yfir 10 ár, hún

sat í afmælisnefnd 2010 og var vara- maður í neyðarvarnarnefnd höfuðborgar- svæðisins. Undanfarin ár hefur hún sinnt neyðarvörnum fyrir félagið og m.a. verið

í útkallshópi í áfallahjálp og sálrænum stuðningi. Halldóra hefur í gegnum starf sitt hjá RKÍ sótt fjölda námskeiða á vegum félagsins, s.s. námskeið í áfallahjálp og sálrænum stuðningi frá RKÍ til þess að leiðbeinendaréttindi frá RKÍ til þess að kenna sálrænan stuðning.

Halldóra er einnig sjálfstætt starfandi listamaður og hefur haldið námskeið í vatnslitamálu á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni allt frá árinu 1998.

Halldóra mun í starfi sínu sem verk- efnastjóri hafa daglega umsjón og verk- efnastýringu vegna innleiðingar á inn- gildingarstefnu sveitarfélagsins og vinnur náið með Enskumælandi ráði. Verkefna- stjóri mun jafnframt skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og annast kynningu á íslensku og inngildingu.



Hrunamannahreppur

Þar sem menning og mannlíf blómstrar
(og veðrið er alltaf aðeins betra)

Lausar stöður til umsóknar

Leikskólakennarar

Viltu vera hluti af skóla sem leggur áherslu á umhverfi, útinám og umhyggju? Leikskólinn Undraland á Flúðum leitar að leikskólakennurum sem vilja taka þátt í þróunarstarfi þar sem snemmtæk iðlutun, mál og læsi eru í brennidepli.

Í leikskólanum okkar er lögð mikil áhersla á virðingu fyrir börnum og að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra. Hver einstaklingur skiptir máli, og við vinnum með jákvæða nálgun þar sem umhyggja, stuðningur, hlýja og styrkleikar hvers barns eru í forgrunni.

Í leikskólanum eru rúmlega 50 börn og fer skólinn ört stækkandi. Á næsta skólaári er áætlað að taka í notkun sér ungbarnadeild. Á sama tíma verður einnig farið í innleiðingu á agastefnunni „jákvæðum aga“.

Við leitum að aðilum með leyfisbréf kennara með áherslu á leikskólastarf eða sambærilega menntun. Góð íslenskukunnátta er skilyrði sem og reynsla af starfi með börnum. Jákvæðni og góð hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir leikskólastjóri S: 480-6620 /898-3077 og jona@undraland.is Umsóknir með ferilskrá sendist á: jona@undraland.is í síðasta lagi 25. apríl 2025.

Sálfræðingur / félagsráðgjafi

Stöður sálfræðings og félagsráðgjafa sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu og Flóa eru lausar til umsóknar. Starfstöð þeirra er hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem staðsett er í Laugarási. Áhugasamir hafi samband við Annýju Ingimarsdóttur, anny@arnesthing.is (v. félagsráðgjafa) eða við Gunnlaugu Hartmanns- dóttur, gunnlaug@arnesthing.is (v. sálfræðings) í síma 480-1180.

Starfsmaður veitna

Veitufyrirtæki Hrunamannahrepps eru öflug enda sveitarfélagið ríkt af auðlindum. Nú vantar liðsauka í hópinn og því leitum við að starfsmanni í fullt starf hjá veitunum (hitaveitu, fráveitu, vatnsveitu og Hrunaljós).

Helstu verkefni felast í vinnu við viðhald og nýframkvæmdir veitu- mannvirkja. Eftirliti með hú sveitum og samskiptum við viðskiptavinum. Starfsmaðurinn þarf að vera tilbúinn til að taka bakvaktir til jafns við aðra starfsmenn.

Óskað er eftir aðila með menntun sem nýtist í starfi s.s. iðnmenntun. Starfsreynsla við verklegar framkvæmdir er skilyrði. Jákvæðni, frumkvæði og ríkir samskiptahæfileikar eru skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Hannibal Kjartansson, veitustjóri, 480-6600 / 892-2084 og hannibal@fludir.is. Umsóknir með ferilskrá sendist á: hannibal@fludir.is í síðasta lagi 25. apríl 2025.

Forstöðumaður bókasafns / skjalavarsla

Um er að ræða nýja stöðu í nýju ráðhúsi og mun viðkomandi starfsmaður móta starfið í samvinnu við sveitarstjóra. Starfsmaðurinn verður forstöðumaður bókasafns og sinnir jafnframt afgreiðslu og símsvörun fyrir Ráðhús Hrunamannahrepps sem er á sama stað. Í starfinu felst einnig almenn skjalavarsla og undirbúningur og frágangur vegna sveitarstjórnarfundar.

Óskað er eftir skipulögðum aðila með menntun sem nýtist í starfi. Reynsla af skjalavörslu og/eða starfi á bókasafni er æskileg. Góð tungumálakunnátta er kostur og góð tölvukunnátta er skilyrði. Krafa er gerð um ríka skipulagshæfileika. Góðir samskiptahæfileikar og frumkvæði í starfi er skilyrði

Nánari upplýsingar veitir Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, 480-6600, aldís@fludir.is Umsóknir með ferilskrá sendist á aldís@fludir.is í síðasta lagi 25. apríl 2025.



Í Hrunamannahreppi er fjölbreytt og gott mannlíf þar sem tækifærin eru fjölmörg fyrir áhugasama og duglega einstaklinga. Í sveitarfélaginu búa um 960 manns og þar af um helmingur á Flúðum. Á Flúðum er grunn-, leik- og tónlistarskóli, íþróttahús, bókasafn, sundlaug, líkamsrækt, verslanir, veitingastaðir og fjölbreytt afþreying. Heilsugæsla mun opna á Flúðum í ágúst og sjúkrahjálpari hefur þegar tekið til starfa. Samgöngur í allar áttir eru góðar, helstu náttúruperlur landsins eru innan seilingar og svo segja margir að veðrið sé alltaf aðeins betra í Hrunamannahreppi – það er góður kostur!

Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.fludir.is



Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Vel heppnaðir Íslandsleikar á Selfossi

Íslandsleikarnir fóru fram á Selfossi dagana 29. – 30. mars sl. Leikarnir eru íþróttaveisla fyrir einstaklinga sem hafa ekki fundið sig í hefðbundnu íþróttastarfi og/eða eru með stuðningsþarfir. Á leikunum voru fimm íþróttagreinir í boði: fótþolti, körfubolti, handþolti, fimleikar og frjálsar. Rúmlega 70 keppendur tóku þátt og var gleðin ríkjandi alla helgina.

Lionsfélagar í Lionsklúbb Emblu og Lionsklúbb Selfoss lögðu leikunum lið. Þeir aðstoðuðu við morgunverð fyrir þátttakendur sem gistu á Selfossi ásamt því að hjálpa til við verðlaunaafhendinguna, en öll sem tóku þátt fengu verðlaunaþening.



Félagar í l.kl. Emblu og Selfoss.

Auglýsing um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu í Hrunamannahreppi



Sveitarfélagið Hrunamannahreppur auglýsir eftir aðilum sem nýta vilja lóðina Ásgarð 2 innan Hrunamannaafreittar. Lóðin sem um ræðir er 20.009,2 m² og er staðsett í Kerlingarfjöllum. Þar fyrir eru skálar í einkaeigu. Aðrir umsækjendur en núverandi eigendur skálanna verða því að gera ráð fyrir að þurfa að leysa til sín skálana ef af úthlutun lóða til þeirra verður.

Umrætt svæði er þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 og dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 198/2009. Í ljósi þess þarf leyfi Hrunamannahrepps til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og áfrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag sem tekur til svæðisins en gert er ráð fyrir því að lóðarhafi muni annast vinnu og greiða fyrir gerð deiliskipulags á lóðinni í samstarfi við Hrunamannahrepp.

Uppbyggingu á svæðinu fylgir sú kvöð að starfsfólk Náttúruverndarstofnunar sem hafa aðsetur á svæðinu vegna friðlýsingar þess, fái aðstöðu við viðunandi húsa-kost þegar þörf er á og eftir nánara samkomulagi um endurgjald og aðstöðu við lóðarhafa.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um úthlutun lóðarinnar eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Hvernig viðkomandi hyggst nýta lóðina í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um svæðið.
- Helstu áherslur viðkomandi við deiliskipulagsgerð á svæðinu er varðar ásýnd, fjölda byggingarreita og byggingarmagn ásamt öðru sem gæti skipt máli fyrir heildar skipulag og ásýnd svæðisins.
- Þekking og reynsla viðkomandi aðila af rekstri gisti- og afþreyingarþjónustu, s.s. gistihúsa á miðhálandinu og/eða starfsemi áfréttarskála.
- Þekking og reynsla af gerð og viðhaldi göngustíga og annarra ferðaþjónustutengdra mannvirkja.
- Gjald vegna leigu lóðarinnar.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið umsókn um nýtingu lands á umræddu svæði til Sveitarfélagsins Hrunamannahrepps eigi síðar en **21. apríl 2025**. Umsóknir skulu berast á netfangið hruni@fludir.is. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum fáist ekki viðunandi tilboð.

Huppumótið haldið í fyrsta sinn

Sunnudaginn 6. apríl sl. hélt Fimleikadeild Selfoss Huppumótið í hóp fimleikum í fyrsta sinn.

Mótið snerist fyrst og fremst um upplifun keppenda og æfingu í að gera keppnisæfingar fyrir framan áhorfendur, en sumir höfðu aldrei gert það áður. Engir dómarmar voru á mótinu og fengu allir keppendur verðlaun fyrir sitt besta áhald. Ísbúð Hoppu sendi svo alla keppendur heim með þátttökuverðlaun.

Tæplega 230 keppendur tóku þátt á mótinu í 23 liðum



frá fimm félögum. Hoppa sjálf mætti á staðinn og hvatti nemendur áfram ásamt því að veita verðlaun. Mótið heppnaðist vel og var mikil stemning allan daginn að sögn deildarinnar.



Stelpurnar í JS unnu tvenn gullverðlaun

Vormót Judosambands Íslands í flokkum fullorðinna var haldið í sal judo-deildar ÍR laugardaginn 5. apríl sl. Judofélag Suðurlands sendi fimm keppendur og hlaut fjögur verðlaun.

Sara N. Ingólfsdóttir sigraði sinn flokk með glæsibrag þannig að eftir var tekið og Agla Ólafsdóttir sem er aðeins 16 ára og að keppa upp fyrir sig í aldri stóð sig með sóma og hlaut silfur. Íris Ragnarsdóttir missteig sig aðeins í byrjun en vann síðan örugglega gullverðlaun og ekki vafi á hver var bestur í hennar flokki þennan daginn.

Böðvar Arnarsson vann bronsverðlaun en átti mikið meira inni þó að ekki tækist að sýna það í þetta skiptið.



Bæjarstjórinn gæti spilað með Hamri í sumar

Pétur G. Markan bæjarstjóri Hveragerðisbæjar er líklegur til að spila með meistaraflokki Hamars í fótbolta í sumar. Samkvæmt heimildum Fótbolti.net verður hann til taks fyrir liðið. Valdimar Unnar Jóhannsson, þjálfari Hamars, staðfestir þetta við miðilinn.

Pétur sem er fæddur árið 1981 er með töluverða reynslu í fótbolta en hann spilaði síðast með Herði Ísafirði árið 2018. Hann á að baki 283 meistaraflokksleiki og hefur skorað 95 mörk.

„Pétur Markan skipti yfir, bæjarstjórinn sjálfur. Hann sagðist geta tekið einhverjar mínútur í sumar ef vantaði. Ég sá hann á firmamóti um síðustu helgi og hann leit ágætlega þar. Við sjáum hvort hann geti ekki komið með einhverjar innkomu síðustu tíu mínúturnar eða eitthvað. Við erum að sækja í reynsluna,” segir Unnar í samtali við Fótbolti.net og bætir við að það séu ekki mörg lið með bæjarstjórnann í hóp.

Pétur segir að honum finnist það vera skylda allra bæjarstjóra að skrá sig í félag bæjarins. „Maður fær kannski þrjár mínútur í sumar en annars verð ég bara á hliðarlínunni og fylli á brúsana,” segir Pétur í samtali við Dagskrána. Hann bætir við að það séu bjartir tímar framundan í fótboltanum í Hveragerði, en unnið er að nýjum stórum fótboltavelli um þessar mundir sem mun nýtast félaginu vel.



Bróðir minn,

Sigurgeir Hilmar Friðjófsson

fyrrum skólastjóri, áhugaleikari, áhugaleikstjóri og lífskúnnstner verður jarðsungen frá Selfosskirkju þriðjudaginn 15. apríl kl. 15.00.

Blóm og kransar afpakkaðir.

Alúðarþakkir til Dvalarheimilisins Áss, Hveragerð, fyrir einstaka umönnun.

Heiðar Jónsson, fjölskylda og Kristín og Magnús, vinir hins látna.

FRAMKVÆMDASTJÓRI



Háskólafélag Suðurlands ehf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að stýra metnaðarfullu starfi félagsins, í samræmi við framtíðarsýn, gildi og verkefnastefnu þess.

Í boði er krefjandi og um leið gefandi starf og tækifæri til að byggja upp þekkingarsamfélag, efla aðgengi að háskólanámi á Suðurlandi og stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi landshlutans.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afla og vinna að verkefnum sem falla að stefnu félagsins í samvinnu við stjórn og starfsfólk
- Daglegur rekstur félagsins, gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana
- Samstarf við eigendur félagsins, helstu hagsmunaaðila og stjórnvöld
- Kynningar og markaðsmál í samvinnu við starfsfólk og stjórn
- Vera leiðandi í teymisvinnu verkefna ásamt starfsfólki félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Rík leiðtogaþæfni
- Haldbær reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni og lausnamiðað verklag
- Frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Reynsla af kynningar- og markaðsmálum í fjölbreyttum miðlum
- Viðtæk þekking og tengsl við atvinnu- og menningarlíf Suðurlands æskileg
- Reynsla af alþjóðlegum verkefnum æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2025



Sótt er um starfið á www.mognum.is
Nánari upplýsingar veitir:
Sigríður Ólafsdóttir sigga@mognum.is

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í verkið:



Skólaakstur í dreifbýli Ölfuss 2025-2029

ÖLFUS

Verkið felst í skólaakstri nemenda við Grunnskólann í Hveragerði, sem búsettir eru í dreifbýli Ölfuss, í skóla að morgni til og heim aftur eftir að skóla lýkur.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn eru aðgengileg á Ajour kerfi EFLU frá og með mánudeginum 7. apríl 2025. Finna má upplýsingar um útboðið með því að smella á eftirfarandi hlekk:

<https://efla.ajoursystem.net/tender>

Tilboðum skal skilað rafrænt í gegnum kerfið eigi síður en föstudaginn 9. maí 2025 kl. 11.00. Tilboð verða opnuð í kjölfarið og niðurstöður tilkynntar bjóðendum.

Ekki verður haldinn formlegur opnunarfundur.

FÚSI

Sumardaginn fyrsta	24. apríl klukkan 14:00
Laugardaginn	26. apríl klukkan 14:00
Sunnudaginn	27. apríl klukkan 14:00

Míðaverð er kr. 4.500,-
kr. 3.500,- fyrir öryrkja og eldri borgara.
Markhópur fyrir sýninguna er frá 12 ára og eldri
Míðasala er hafin á tölvis

LEIKFÉLAG SÖLHEIMA
Sölheimaleikhúsið s: 847-5323

Heimildaleiksýning um
Sígfús Sveinbjörn Svanbergsson

47. FLÓAHLAUPIÐ 2025

Flóahlaupið verður haldið laugardaginn 12. apríl við Félagslund. Ræst verður kl. 11:30. **ATH. Ný tímasetning miðað við síðustu ár!**

Keppt verður í 3, 5 og 10 km hlaupi. Skráning fer fram á hlaup.is en félagsmenn í Umf. Þjót- anda sem greitt hafa árgjald þurfa ekki að borga þáttökugjaldið og eiga þar að leiðandi að skrá sig á staðnum- mæta þá tímalega.

Kaffiveitingar verða venju samkvæmt í boði fyrir keppendur í Félagslund eftir hlaupið. Einnig geta aðrir notið þess gegn vægu gjaldi. ENG- INN posi á staðnum.

Hvetjum við sem flesta til að taka þátt.

Stjórnin

Nýr framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins

Sjálfstæðisflokkurinn hefur S ráðið Björgu Ástu Þórðardóttur sem nýjan framkvæmdastjóra félagsins.

Björg Ásta Þórðardóttir lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2014 og hlaut málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2015. Hún hefur viðtæka reynslu af lögfræðistörfum, meðal annars sem yfirlögfræðingur Samtaka iðnaðarins, lögfræðingur hjá Félagi atvinnurekenda og fulltrúi hjá Málflutningsstofu Reykjavíkur. Hún hefur einnig starfað hjá lögreglunni á Suðurnesjum og síðast sem aðstoðarmaður dómsmálaráðherra.

Björg hefur setið í fjölmörgum stjórnnum og nefndum á vegum stjórnvalda og í atvinnulífinu. Hún er fædd og uppalin á Suðurnesjum og á að baki farsælan knattspyrnuferil með íslenskum félagsliðum og landsliðinu. Hún hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum á vettvangi íþróttar, m.a. sem fulltrúi í dómstól ÍSÍ og í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Þá hefur hún gegnt



formennsku í MS-félagi Íslands.

Björg Ásta er búsett á Suðurnesjum ásamt sambýliskonu sinni, Ósk Laufeyju Breiðfjörð, og eiga þær saman þrjú börn.

„Það er mér mikill heiður og ánægja að fá þetta tækifæri. Ég hlakka til að takast á við þetta mikilvæga verkefni, vinna með frábæru fólki innan flokksins og leggja mitt af mörkum til að efla starfsemi Sjálfstæðisflokksins um allt land,“ segir Björg Ásta Þórðardóttir, nýr framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.

Þórður Þórarinnsson lætur af störfum eftir 11 ára starf sem framkvæmdastjóri flokksins, en hann tók til starfa í Valhöll 1. mars 2014. Þórður hefur leitt starf skrifstofunnar í fernum alþingiskosningum, þrennum sveitarstjórnarkosningum og haldið fjóra landsfundi. Þess má einnig geta að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur undanfarin ár lagt upp í fimm hringferðir um landið í tengslum við kjördæmaviku.

Framkvæmdastjórnarskiptin fóru fram á miðstjórnarfundum flokksins 4. apríl sl. Á fundinum færði formaður flokksins, Guðrún Hafsteinsdóttir, Þórði bestu þakkir fyrir hans mikilvæga

og óeigingjarna starf í framlínunni síðastliðinn rúman áratug. Hans verður saknað á skrifstofu flokksins og af flokksmönnum öllum í þeirra störfum um allt land.

Samkomulag hefur orðið um að Þórður muni starfa við hlið nýs framkvæmdastjóra næstu vikurnar og sem ráðgjafi flokksins næstu mánuði.

„Á þessum tímamótum er mér þakklæti efst í huga fyrir þann drjúga tíma sem ég hef starfað í Valhöll fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Það hafa verið forréttindi að fá að lifa og hræstast í innsta hring þjóðmálanna, kynnast fólki af öllu landinu og úr ólíkum starfsstéttum sem vill leggja sitt af mörkum fyrir hugsjónir okkar og vinna að framfarum fyrir land og þjóð. Ég hef á þessum tíma eignast fjölda vina til lífstíðar, nokkuð sem ég lít á sem dýrmæta gjöf, og vil koma á framfæri þökkum til allra flokksmanna fyrir traust og góð samskipti. Samstarfsmönnum af skrifstofunni færi ég sérstakar þakkir, öllum í þingflokknum og trúnaðarmönnum í flokksstarfinu færi ég mínar bestu kveðjur,“ sagði Þórður á þessum tímamótum.



Karalakór Hreppamanna og Sprettskórinn Vor- og sumartónleikar 2025

Þótt þú langförull legðir sérhvert land undir fót

Á efnisskrá karlakórsperlur úr ýmsum áttum

Guðríðarkirkju 8. apríl kl. 20:00

Hveragerðiskirkju 11. apríl kl. 20:00

Félagsheimilinu á Flúðum 16. apríl kl. 20:00

Dómkirkjunni Skálholti 27. júlí kl. 16:00

Verið hjartanlega velkomin



Japanskir straumar í Listasafni Árnesinga

Langur fimmtudagur verður í Listasafni Árnesinga 10. apríl nk. Ópið verður frá klukkan 12-21. Tónlist og gjörningur verður klukkan 19:30. Japönsku listakonurnar Saya og Sara Nomura heimsækja safnið á

meðan þær dvelja í Varmahlíð, listamannahúsinu í Hveragerði.

Fólk er hvatt til að koma og njóta japanskra strauma í safninu.

Viðburðurinn er ókeypis í samstarfi við Hveragerðisbæ.



Við tökum að okkur alla

ALMENNA PRENTUN

og fer öll framleiðsla fram á Íslandi í svansvottaðri prentsmiðju.

Leyfðu okkur að finna bestu lausnina fyrir þig.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimlar

Sími 482 1944

selfoss@prentmetoddi.is

prentmetoddi.is



Útboð | Eyravegur 53, Selfossi – viðbygging

Verkís hf., fyrir hönd HS Veitna, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir vegna viðbyggingar við Eyraveg 53 á Selfossi.

Um er að ræða skrifstofubyggingu sem byggð verður við núverandi þjónustubyggingu HS Veitna. Útboðið felur í sér jarðvinnu, uppsteypu sökkla og botnplötu, burðarvirki úr timbri, innan- og utanhúss frágang, lagnakerfi og rafkerfi.

Grunnflatarmál húss er 166,1 m² en heildarflatarmál með millilofti er 217,7 m².

Heildarverklok eru 15. desember 2025.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt. Hægt er að óska eftir útboðsgögnum með því að senda inn nafn, heimilisfang og síma á utbod@verkis.is.



Kynningarfundur verður haldinn á verkstað 15. apríl 2025 kl. 11.

Tilboðum skal skila rafrænt til Verkís fyrir kl. 14 þann 13. maí 2025.



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í fjölbreyttum,
nálastungu, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
10. apríl kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 10. apríl kl. 14:45

LEIKHÓPURINN LEKKAR
BREGÐUR Á LEIK

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessir tíma
henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek w sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

KIRKJA

Strandarkirkja

Fermingarmessa kl. 14:00. Kór
Þorlaks- og Hjallasóknar leiðir
almennan söng.

Selfosskirkja

Pálmásunnudagur 13. apríl. Ferm-
ingarmessa klukkan 11. Prestar
eru Ása Björk og Guðbjörg. Org-
anisti er Edit og Kirkjukórinn
leiðir sönginn.

Náttfata- og bangsasunnu-
dagaskóli á Baðstofuloftinu
klukkan 11. Sjöfn leiðir stundina
ásamt leiðtogunum.

Skálholtskirkja

Pálmásunnudagur 13. apríl.
Messa og ferming í Skálholts-
dómkirkju kl. 11. Sr. Kristín
Þórunn, Bergþóra djákni og Jón
dómorganisti þjóna.

Skírdagur 17. apríl. Gets-
emanestund. Síðasta kvöldmál-
tiðin og afskrýðing altarisins í
lokin. Gengið út í þögnina. Skál-
holtskórinn syngur. Sr. Kristján
vígslubiskup þjónar fyrir altari og
prédikar, ásamt Bergþóru djákna.
Organisti Jón Bjarnason.

Föstudagurinn langi 18. apríl.
Guðsþjónusta kl. 16. Píslasagan
lesin með sálmum sr. Hallgríms.
Skálholtskórinn flytur kórverk. Sr.
Kristján vígslubiskup þjónar fyrir
altari. Organisti er Jón Bjarnason.

Páskadagur 20. apríl. Helgi-
stund með altarisgöngu við sólar-
upprás úti við kórfaflinn kl. 6:30.
Sr. Kristján vígslubiskup þjónar.

Árdagsmessa kl. 8:00. Sr.
Kristján vígslubiskup þjónar fyrir
altari. Organisti Jón Bjarnason.
Morgunverður á Hvönn í boði
staðarins.

Hátíðarmessa og ferming kl.
14. Sr. Kristín Þórunn, Bergþóra
djákni og Jón Bjarnason dómorg-
anisti þjóna, ásamt hinum frá-
bæra Skálholtskór.

Sólheimakirkja

Pálmásunnudagur 13. apríl.
Messa og mikil gleði. Sr. Kristín
Þórunn og Jón organisti þjóna.
Hlökkum til að sjá ykkur öll.

Bræðratungukirkja

Skírdagur 17. apríl. Messa kl. 14.
Sr. Kristín Þórunn og Jón organ-
isti þjóna.

Torfastaðakirkja

Föstudagurinn langi 18. apríl.
Guðsþjónusta kl. 14. Píslarsálmur
fluttur. Sr. Kristín Þórunn og Jón
Bjarnason þjóna.

Miðdalskirkja

Hátíðarmessa kl. 11 á Páskadag.
Sr. Kristín Þórunn og Jón Bjarna-
son þjóna.

Þingvallakirkja

Hátíðarmessa kl. 14 á Páskadag.
Sr. Kristján Björnsson vígslubisk-
up þjónar og Ester Ólafsdóttir
leikur á orgel og leiðir söng.

Úthlíðarkirkja

Hátíðarmessa kl. 16 á Páskadag.
Sr. Kristín Þórunn og Jón Bjarna-
son þjóna.

Haukadalskirkja

Páskamessa á annan í páskum kl.
14. Sr. Kristín Þórunn og Jón
Bjarnason þjóna.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi á Eyraveginum
hjá Framsókn kl. 11 á
laugardaginn.

Páskaveisla í Eyrarbakkakirkju

Páskaveisla verður í Eyrar-
bakkakirkju laugardaginn
19. apríl klukkan 15. Ásta Krist-
rún og Valgeir Guðjónsson í
bakkastofu standa fyrir veislunni.
„Við í Bakkastofu hefjum
okkur til flugs á nýjan leik með
eins konar fuglasöng og kæti,“
segir Kristrún.

„Við tengjum fugla og egg
gjarnan við þessa björtu hátíð
en kvæði Jóhannesar úr Kötlum
sem eru í öndvegi ríma svo
fagurlega við fugla og smádyr í
íslenskri náttúru.“

Tónlistarparið Kristrún
Steingrimsdóttir frá Kálfholti
í Ásharppi og unnusti hennar
Joel Christopher Durksen leika
og syngja með Valgeiri en Ásta
Kristrún er gestgjafi sem spinnur
frásagnir og lýsingar á því
sem sungið er um hverju sinni.
Svo má ekki gleyma að Val-
geir stígur sjaldnast á stökk án
þess að kyrja önnur lög úr eigin
ranni, bæði gömul og ný.

Skáldin tvö og nábylið á
Suðurlandi

Bakkastofa hefur boðið upp
á tónleika yfir páskahátíðina til
margra ára sem lengst af gengu
undir nafninu Fuglatónleikar.

Heimur þessara merku lífvera
er skoðaður með augum skálds-

ins Jóhannesar úr Kötlum en
Valgeir Guðjónsson, tónbóndinn
í Bakkastofu, hefur samið
lög fyrir þrjár hljómplötur við
kvæði Jóhannesar, Fugl dagsins
var sú fyrsta, svo Fuglar tímans
og sú þriðja Fuglakantata.

„Það er ánægjulegt að vita af
þessum tveimur skáldum í ná-
byli hér á Suðurlandi en Jóhann-
es bjó lengst af í Hveragerði og
Valgeir síðan á Eyrarbakka. Nú
býr Svanur sonur Jóhannesar í
Hveragerði og því stutt að fara
til að krunka og afla frásagna
frá uppveiti hans með skáldinu
föður hans,“ segir Kristrún.

Að manngera fugla og smá-
dyr og efla samkennd

Þegar að er gáð eflir kveð-
skapur Jóhannesar meðvitund
og skilning fólks á viðkvæmri
náttúrunni sem er mörgum svo
hugleikin. „Jóhannes hefur ein-
stakt lag á að manngera fugla og
smádyr og ýta undir samkennd
okkar mannfólksins sem er svo
mikilvæg í samskiptum og um-
burðarlyndi gagnvart náung-
anum,“ segir Kristrún.

„Með látbragði, frásögnum
og söng virkjum við gesti til að
taka þátt í þessari páskaveislu.“

Miðasala fyrir tónleikana er
á Tix.is.





Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

Síðustu tónleikar Vetrartóna í Stokkseyrarkirkju

Sjöttu og síðustu tónleikar í fyrstu tónleikaröð Vetrartóna í Stokkseyrarkirkju fara fram fimmtudagskvöldið 10. apríl og hefjast kl. 20.

Stokkseyringurinn og sópransöngkonan Kristína G. Guðnadóttir flytur ásamt Ester Ólafsdóttur píanóleikara og organista blandaða söngdagskrá. Á efnisskránni eru sönglög eftir Pál Ísólffson við Ljóðaljóðin, Sigurð Þórðarson og Henry Purcell auk þekktra ariá úr óratorium eftir Jóhann Sebastian Bach og Georg Fríðrik Handel. Kristínu og Ester til fulltingis í flutningi arianna verða Eyjólfur Eyjólfsson sem leikur á flautu og Uelle Hahndorf á selló.

Kristína er búsett ásamt sænskum

eiginmanni og fjórum börnum í Nyhyttan í Svíþjóð og stundar framhaldsnám í söng við Tónlistarháskólann í Ingessund. Hún flaug sérstaklega til landsins til að taka þátt í Vetrartónum og er að sögn full tilhlökkunar að syngja þessa fallegu efnisskrá á æskulóðunum.

Aðgangur er ókeypis á alla tónleika Vetrartóna en tónleikagestum stendur til boða að leggja til frjáls framlög sem renna beint til tónlistarfólksins. Tónleikaröðin er styrkt af Tónlistarsjóði og Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Öll eru hjartanlega velkomin.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur deiliskipulagsáætlana og breytinga, tillaga aðalskipulagsbreytingar auk skipulagslýsingar aðalskipulagsbreytinga:

- Birkibýggð; Úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2503056**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 27. mars 2025, skipulagslýsingu til kynningar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Svæðið sem breytingin nær til er Birkibýggð sem er hluti af frístundabyggðinni F9 Kjóabyggð/Álftabyggð og er staðsett vestan þéttbýlis á Flúðum. Í breytingunni felst að Birkibýggð verður breytt úr frístundabyggð í íbúðabyggð.
- Syðri-Brú L168277; Úr frístundabyggð í athafnasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2503029**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. apríl 2025, skipulagslýsingu til kynningar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Svæðið sem breytingin nær til er Syðri-Brú L168227 og í breytingunni felst skilgreining á athafnasvæði fyrir uppsetningu áttöppunarverksmiðju fyrir neysluvatn.
- Reitur ÍB3 Flúðum; Skilmálabyrting á íbúðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2411078**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 27. mars 2025, tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Svæðið sem breytingin nær til er reitur ÍB3 innan þéttbýlisins á Flúðum. Í breytingunni felst heimild fyrir auknu byggingarmagni og hæðum bygginga innan svæðisins.
- Vesturhlíð L192153; Bíldsfell III í Grafningi; Frístundabyggð F16; Deiliskipulag - 2410072**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. apríl 2025 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis F16 í landi Vesturhlíðar L192153. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóða, byggingarreita og byggingarskilmála innan svæðisins. Á svæðinu er gert ráð fyrir um 92 lóðum ásamt opnum svæðum, vegum, göngustígum og skilgreindu svæði fyrir vatnsöflun.
- Vesturbrún 2-8 og 10-20; Þjónustuibúðir og félagsþjónusta; Deiliskipulagsbreyting - 2411043**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 27. mars 2025 að kynna tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Vesturbrúnar 2-8 og 10-20 í Hrunamannahreppi. Á svæðinu er fyrirhugað að reisa þjónustuibúðir ásamt félagsþjónustu fyrir aldraða. Framlögð deiliskipulagsbreyting nær til tveggja lóða við Vesturbrún 2-8 og 10-20. Í tillögunni felst að núverandi íbúðir sem eru á einni hæð við Vesturbrún 10, 12 og 14 verða fjarlægðar og nýtt eins til tveggja hæða íbúðarhús auk kjallara og bílageymslur meðanjarðar verða byggð í þeirra stað. Áætlað er að í húsinu verði 27 þjónustuibúðir fyrir aldraða auk um 400 fm þjónustukjarna á einni hæð þar sem í verður félagsaðstaða aldraða og matsalur. Íbúðarhúsið að Vesturbrún 2, 4, 6 og 8 og að 16, 18 og 20 koma til með að standa en þau verða endurgerð og íbúðum í þeim fjölgað.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

- Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps; Stækkun á Búðanámu; Aðalskipulagsbreyting - 2411052**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2025, tillögu aðalskipulagsbreytingar til auglýsingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Breytingin felur í sér stækkun á Búðanámu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Búðafossvogi. Stærð náunnar er 1 ha og heimiluhé efnistaka er 50.000 m³. Náman verður stækkuð í 4,5 ha og efnismagn sem heimilt verður að taka er hækkað í 60.000 m³.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

- Hæll 1 L166569; Afmörkun 4 landskíka og byggingarheimildir; Deiliskipulag - 2502076**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. apríl 2025 nýtt deiliskipulag til auglýsingar. Deiliskipulagið tekur til jarðarinnar Hæls 1 L166569 og í því felst afmörkun fjögurra landskíka á bilinu 1,3 - 4,6 ha að stærð auk skilgreiningar á byggingarheimildum innan þeirra. Á hverjum skíka er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, aukahúsa og fjölnotahúsa til atvinnurekstrar tengdum búskap.
 - Laugarvatn, Bjarkarbraut 2 L224444 og 4 L224445; Skilgreining byggingarheimilda; Deiliskipulagsbreyting - 2503052**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2. apríl 2025 að auglýsa breytingu deiliskipulags sem tekur til Bjarkarbrautar 2 L224444 og Bjarkarbrautar 4 L224445 á Laugarvatni, Bláskógabyggð. Í breytingunni felst að lóðamörk breytast, skilgreining á byggingarreitum innan lóðar ásamt byggingarheimildum. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að rífa núverandi hús innan lóðanna og byggja ný innan nýtingarhlutfalls 0,35 á allt að tveimur hæðum.
- Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi mála:
- Vesturhlíð L192153; Niðurfelling verslunar- og þjónustusvæðis; Óveruleg aðalskipulagsbreyting - 2503067**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. apríl 2025 að auglýsa óverulega breytingu á aðalskipulagi sem tekur til lands Vesturhlíðar L192153. Í breytingunni felst niðurfelling á verslunar- og þjónustusvæði Vp5. Eftir breytingu verður svæðið skilgreint sem frístundasvæði líkt og aðliggjandi landnotkun gerir ráð fyrir.
 - Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps; Breytt nýtingarhlutfall á landbúnaðarlóðum; Aðalskipulagsbreyting - 2503054**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. apríl 2025 að auglýsa óverulega breytingu á aðalskipulagi sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall á landbúnaðarlóðum sem eru 3 ha eða minni hækka úr 0,03 í 0,05.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is, www.fludir.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1 - 5 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 10. apríl 2025 með athugasemdarfresti til og með 2. maí 2025.

Mál 6 - 8 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 10. apríl 2025 með athugasemdarfresti til og með 23. maí 2025.

Mál 9 - 10 eru tilkynningar um niðurstöðu sveitarstjórnar er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



Gefum íslensku séns

Háskólafélag Suðurlands, Fræðslunet Suðurlands og menningar- og upplýsingadeild Árborgar hafa tekið höndum saman og standa fyrir áttakinu Gefum íslensku séns.

Átakið hófst formlega með kynningarfundum í Fjölheimum á Selfossi, fimmtudaginn 3. apríl sl.

Grunnstæfið í Gefum íslensku séns er að hvetja Íslendinga til að tala íslensku við fólk af erlendum uppruna en skipta ekki strax yfir í ensku. Með þessu er hægt að auka vitund fólks fyrir máltíleinkun og ekki síður auka vitund íslenskra móðurmálshafa fyrir því hvað það kann að fela í

sér að læra íslensku. Áttakinu er einnig ætlað að varpa ljósi á þá staðreynd að allir geta lagt sitt af mörkum við að hjálpa fólki að læra málið. Það þarf ekki próf í íslenskum fræðum til þess.

Verkefnið Gefum íslensku séns varð til hjá Háskólasæti Vestfjarða og hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkennningar, bæði innan lands og utan. Þessi sunnlenska útgáfa er unnin með samþykki og velvild Vestfirðinganna.

Markmiðið er að gera Árborg að íslenskuvænu samfélagi enda samfélagið orðið afar fjölbreyttlegt og mikilvægt að íslenskan endurspegli þann raunveruleika

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Stíflubjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575

800 SMÍÐI EHF.

KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótahræinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

FÁÐU TILBOÐ
Í ÞINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska • Gæði • Áreiðanleiki

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRAGA AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

LAGNIR

ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir • Þjónusta
Nýsmíði • Rafmagn

Sími: 760-5670 • pulsinn@pulsinn.com

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

RS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 • www.tris.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is